

**BRÉF**

67

27. sept.

**handhafa valds forseta Íslands um að reglulegt Alþingi 1960 skuli koma saman til fundir mánudaginn 10. október 1960.**

**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt:*

Vér höfum ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1960 skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1960.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum, sem setu eigi á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík og á Akureyri, 27. september 1960.*

Ólafur Thors.

Friðjón Skarphéðinsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

---

Ólafur Thors.**AUGLÝSING**

68

5. okt.

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í gær úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 5. október 1960.*

Ólafur Thors.

---

Birgir Thorlacius**TILSKIPUN**

69

6. okt.

**um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Ísrael.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuiðnað, eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Ísrael, eins og eigin þegnum, þá vil ég samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki, 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hér segir: